



Alþingi
Erindi nr. P 141/854
komudagur 4.12.2012

Táلكnafjörður

Miðtúni 1, 460 Táلكnafirði, kt. 640269-6779, Sími 456-2539. Bréfsími 456-2589

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
150 Reykjavík

Táلكnafirði, 4. desember 2012
1211049 EIS

Efni: Umsögn Táلكnafjarðarhrepps um frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs, heildarlög 120.mál.

Hreppsnefnd Táلكnafjarðarhrepps styður heilshugar framkomið þingmannafrumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs (hlutverk Reykjavíkflugvallar, heildarlög 120.mál) og vekur athygli á aðkomu og stuðningi Táلكnafjarðarhrepps við ályktun sveitarfélaga á Vestfjörðum sem er :

« 57. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á Bíldudal þann 4. og 5. október 2012, leggst eindregið gegn því að miðstöð innanlandsflugs verði flutt frá Reykjavík og skorar á innanríkisráðherra að beita sér fyrir því.

Góðar samgöngur við Reykjavík eru ein af grundvallarforsendum þess að ungt fólk sjái tækifæri í því að setjast að utan höfuðborgarsvæðisins. Fyrir þær byggðir sem eru í meira en 3 klst. akstursfjarlægð frá höfuðborginni gegna flugsamgöngur lykilhlutverki sem valkostur við samgöngur á landi um leið og þær eru mikilvægur öryggishlekkur í heilbrigðisþjónustu við íbúana.

Í nýlegri skýrslu frá KPMG um áhrif þess ef miðstöð innanlandsflugs yrði flutt til Keflavíkur kemur fram að kostnaður íbúa á landsbyggðinni mundi aukast um 6 til 7 milljarða á ári. Stór hluti þess kostnaðar er til kominn vegna þess að íbúar eru að leita grunnþjónustu eins og lækniþjónustu í höfuðborg allra landsmanna – þjónustu sem er lífsnauðsynleg, en 70% farþega með innanlandsflugi eru búsettir á landsbyggðinni. Færð hafa verið fyrir því mjög sterk rök að ef innanlandsflug verði fært til Keflavíkur þá leggist innanlandsflug við Ísafjarðarflugvöll af í þeirri mynd sem það er nú með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Það er þó fyrirséð að áhrifin á heilbrigðisþjónustu yrðu neikvæð. Áhrif á aðgengi að menntun og menningu sem kostuð er af sameiginlegum sjóðum landsmanna yrðu neikvæð. Áhrif á menningarlíf á Vestfjörðum yrðu neikvæð. Áhrifin á rekstur fyrirtækja á Vestfjörðum yrðu neikvæð. Áhrifin á vilja nýrra fyrirtækja til að byggja upp á Vestfjörðum yrðu neikvæð. Augljóst er því að heildaráhrifin af því að flytja miðstöð innanlandsflugs til Keflavíkur eru mjög neikvæð fyrir íbúaþróun á Vestfjörðum, ef það er á annað borð talið neikvætt að íbúum á Vestfjörðum haldi áfram að fækka.

Fjórðungsþing Vestfirðinga telur að allar hugmyndir um flutning innanlandsflugs til Keflavíkur séu í raun ekki valkostur. Þær eru algjörlega óraunhæfar og áframhaldandi umræða í þá veru er einungis til þess fallin að ala á óeiningu á milli íbúa á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að samgönguyfirvöld nái um það samkomulagi við hlutaðeigandi sem fyrst að þær verði slegnar af. «

Virðingarfyllt,
Oddviti Táلكnafjarðarhrepps
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir